



18. maí 2009
SÍ-51912

Minnisblað

Sendandi: Sigríður Logadóttir

Efni: Heimildir til gengistryggingar lána skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu

Nokkur umræða hefur átt sér stað um lögmæti gengistryggingu lána skv. vaxtalögum nr. 38/2001. Í tilefni af henni og þar sem álit mitt er að töluverð lagaleg óvissa ríki um álitafnið var óskað eftir utanaðkomandi lögfræðilíti.

Um heimild til að verðtryggja sparifé og lánsfé er fjallað um í VI. kafla laganna og er þar að finna fjögur efnisákvæði, þ.e. 13. – 16. gr. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna er með verðtryggingu átt við “breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu” og fer um heimildir til verðtryggingar skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. er svohljóðandi:

“Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar. Í lánssamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.”

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að verðtryggja sparifé og lánsfé sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysluverðs og Seðlabankinn geti ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Taldar eru upp fimm breytingar sem lagðar eru til að verðar verði á verðtryggingarkafla vaxtalalaga og er ein þeirra að “heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður.”

Í athugasemdum við 13. og 14. gr. frumvarpsins er nánar vikið að heimildum til verðtryggingar en þar segir:

“Samkvæmt 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi.”

Í framsöguræðu með frumvarpinu kom fram að meðal þeirra breytinga sem lagt væri til að gerðar yrðu á verðtryggingarkafla vaxtalaga væru að: “Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður, enda eðlilegt ef um það er að ræða að menn vilji miða við erlenda gjaldmiðla að þá sé erlendi gjaldmiðilinn notaður.”

Af þessu má draga þá ályktun að heimild til að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. lögum nr. 38/2001 er bundin við það að grundvöllur verðtryggingarinnar sé vísitala neysluverðs í samræmi við útreikning Hagstofu Íslands. Orðalag 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. styrkir niðurstöðuna en þar er sérstaklega tilgreint að grundvöllur verðtryggingar sé vísitala neysluverðs, en skilja verður ákvæðið svo að talið sé upp með tæmandi hætti á hvaða grundvelli heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé. Þetta er einnig sérstaklega áréttað með ummælum í greinargerð með frumvarpinu til vaxtalaga en þar kemur skýrt fram að lagt sé til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður.

Í lögfræðiáliti sem unnið var fyrir Seðlabankann er dregin sú ályktun að það hafi verið beinlínis tilgangur laga nr. 38/2001 að taka af skarið um það að verðtrygging á lánum í íslenskum krónum væri aðeins heimil ef grundvöllur verðtryggingarinnar er vísitala neysluverðs. Þar með var lagt bann við því að verðtryggja skuldbindingar í íslenskum krónum á grundvelli gengis erlendra gjaldmiðla. Hins vegar var með þessu ekki verið að banna lántökur í erlendri mynt.

Þá má geta hér að í grein Eyvindar G. Gunnarssonar, “*Meginatriði laga um vexti og verðtryggingu*” sem birtist í afmælisriti Jónatans Þórmundssonar lagaprófessors frá árinu 2007 segir á bls. 169: “Þá er óheimilt skv. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. vxl að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla, en við setningu laganna þótti rétt að taka af allan vafa um það”.

Undirrituð tekur undir lögfræðiálitið. Hafa verður þó í huga að ekki eru allir lögfræðingar sammála um þessa túlkun og munu dómstólar eiga síðast orðið reyni á álitaefnið fyrir dómstólum sem allt virðist stefna í að geri.